

Miðvikudaginn 26. janúar 1994.

Nr. 14/1994.

**Sigurður Ólason og
Laugakaffi hf.**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Kemikalíu hf.

(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Samningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1993, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 10. janúar sl. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kröfu varnaraðila um innsetningargerð hafnað. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í samkomulag það, sem innsetningarkrafa varnaraðila byggist á, skortir nauðsynlegar upplýsingar og umfjöllun um veigamikil atriði, sem ágreiningur er um milli aðila. Er réttur varnaraðila samkvæmt samkomulaginu engan veginn svo ótvíræður, að fullnægt sé lagaskilyrðum fyrir innsetningargerð samkvæmt 1. mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og hafna kröfu varnaraðila um innsetningargerð.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum sameiginlega málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og hafnað kröfu varnaraðila, Kemikalíu hf., um innsetningargerð hjá sóknaraðilum, Sigurði Ólasyni og Laugakaffi hf.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum sameiginlega 80.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 6. þ.m., var tekið til úrskurðar 14. þ.m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Kemikalía hf., kt. 550191-1059, Köllunarklettsvegi 4, Reykjavík.

Gerðarþolar eru Sigurður Ólason, kt. 170855-3969, Heiðnabergi 8, Reykjavík, og Laugakaffi hf., kt. 490677-0119, Austurstræti 20, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru, að úrskurðað verði, að þrjú hlutabréf, hvert að nafnvirði 100.000 krónur, en samtals að nafnvirði 300.000 krónur, í hlutafélaginu Laugakaffi hf. verði tekin með beinni aðfarargerð úr vörslum gerðarþola, framseld gerðarbeiðanda og fengin Garðari Briem hdl. fyrir hans hönd. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur gerðarþola eru, að kröfum gerðarbeiðanda verði hafnað og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað að mati dómsins. Þá er þess krafist, fari svo að úrskurður falli gerðarbeiðanda í vil, að ákveðið verði, að málskot til æðra dóms fresti aðfarargerð.

Á aðfararbeiðninni er kröfu um innsetningargerð einnig beint að Gunnlaugi Ragnarssyni, kt. 110743-2899, Rauðarárstíg 41, Reykjavík, og Helga Gunnlaugssyni, kt. 180766-3839, Veghúsum 25, Reykjavík. Við þingfestingu málsins sóttu þeir þing og upplýstu að hvorugur þeirra hefði undir höndum umkrafin hlutabréf. Af hálfu gerðarbeiðanda var þá fallið frá kröfum á hendur þeim.

II.

Málavextir.

Hinn 2. september 1991 undirrita Gunnlaugur Ragnarsson, Helgi Gunnlaugsson og Sigurður Ólason f.h. Laugakaffis hf. svohljóðandi skjal: „Samkomulag: – Milli Gosan hf. kt. 550191-1059 og Laugakaffi hf. kt. 490677-0119 og eigenda þess félags í dag sem eru Helgi Gunnlaugsson kt. 180766-3839 og Sigurður Ólason kt. 170855-3969 og Gunnlaugur Ragnarsson kt. 110743-2899 um eftirfarandi: – 1. Ef til vanskila kemur á skuldabréfi útgefnu dags 02. sept. 1991 kr. 6.000.000,- samþykktu af Laugakaffi hf., þá skuldbinda félagið og eigendur þess sig til að afhenda meirihluta hlutabréfa í Laugakaffi hf. og leigusamning milli Laugakaffis hf. og eigenda Hressingaskálans til Gosan hf., þannig að Gosan hf. fái fullan rétt til þess að yfirtaka rekstur

veitingastaðarins sem rekinn er samkvæmt ofangreindum leigusamningi og sölusamningi milli félaganna. – 2. Ofangreint samkomulag kemur strax til framkvæmda ef vanskil verða meiri en sem nemur tveimur afborgunum og þarf ekki að leita til dómstóla þar um, vegna þess hve veitingarekstur er viðkvæmur atvinnurekstur.“

Ofangreindar sex milljónir króna ásamt vöxtum og vísitöluálagi skuldbatt Laugakaffi hf. sig til að endurgreiða með 45 afborgunum á mánaða (sic) fresti, í fyrsta skipti 10. janúar 1992 samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 2. september 1991, dskj. nr. 3. Ekki er deilt um að skuldabréfið hafi verið í vanskil- um síðan 10. nóvember 1992.

Með tilkynningu, sem móttækin var 31. desember 1992 hjá Hlutafélaga- skrá, var nafni Gosan hf. breytt við sameiningu Kemikalíu hf. og Gos- drykkjaverksmiðju Sanitas hf. (Gosan hf.) í Kemikalíu hf.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er haldið fram að hlutafé Laugakaffis hf. sé 400.000 krónur og hljóði hvert hlutabréf upp á 100.000 krónur. Því leiði af efni samkomulags aðila að gerðarþolum sé skylt að afhenda og framselja gerðarbeiðanda þrjú hlutabréf í félaginu. Hann byggir kröfur sínar á þessu og óumdeildum vanefndum gerðarþola að öðru leyti. Kröfu um málskostnað var af hálfu gerðarbeiðanda ekki talin ástæða til að gera fyrr en ljóst varð að haldið yrði uppi vörnum af hálfu gerðarþola, og á það bent, að málskostnaðarkrafan hafi verið gerð strax í næsta þinghaldi þegar greinar- gerð gerðarþola var lögð fram og málflutningur hófst.

Af hálfu gerðarþola er haldið fram að hafna beri kröfum sóknaraðila á hendur gerðarþola, Laugakaffi hf., þegar af þeirri ástæðu að félagið sjálft eigi ekki hlutabréf í félaginu, en kröfum á hendur gerðarþola, Sigurði Óla- syni, beri að hafna þar sem skilmálar svokallaðs „samkomulags“ séu bersýnilega svo ósanngjarnir að líta beri fram hjá þeim samkvæmt megin- sjónarmiðum ákv. 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936 eins og þeim hefur verið breytt. Þá hafi ekki verið gætt eðlilegs jafnræðis með aðilum í viðskiptum þeirra og gerðarbeiðandi sniðgengið eðlilega og venjuhelgaða viðskipta- hætti, t.a.m. sé í lausu lofti hvað verði um skuldabréfið, færi svo að hluta- bréfin yrðu afhent. Þá sé ljóst að gerðarþola sé ómögulegt að afhenda bréf- in vegna skilmála í samþykktum félagsins, m.a. um forkaupsrétt. Staðhæft er að að öllu samanlögðu sé réttur gerðarbeiðanda ekki svo skýr að jafna megi til þess að dómur hafi gengið um hann.

Af hálfu gerðarþola er dregið í efa að rétt framsal hafi farið fram á kröf- um Gosan hf. á hendur gerðarþolum til gerðarbeiðanda, og á það bent, að viðskipti Gosan hf. við gerðarþola hafi byggst á samkomulagi aðila um að

Laugakaffi hf. seldi öl og gosdrykki einungis frá Gosan hf. Þá er mótmælt málskostnaðarkröfu gerðarbeiðanda á grundvelli þess að hennar hafi ekki verið getið í aðfararbeiðni. Enn fremur er mótmælt að í loforði gerðarpóla um að afhenda meiri hluta hlutabréfa í Laugakaffi hf. hafi falist loforð um að bréfin yrðu formlega framseld eins og gerðarbeiðandi geri kröfu til.

IV.

Ekki þykir ástæða til að efa það að stjórn Kemikalíu hf., kt. 550191-1059, hafi fulla heimild til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur sem fylgdu og voru yfirteknar þegar samruni félagana Kemikalíu hf. og Gosdrykkja-verksmiðjunnar Sanitas hf. (Gosan hf.) átti sér stað 31. desember 1992 með þeim hætti að Kemikalíu hf. var slitið og réttindi þess og skyldur gengu inn í Gosan hf. skv. 126. gr. laga nr. 32/1978 en nafni hins sameinaða félags breytt í Kemikalíu hf., sbr. dskj. 8.

Eins og greint hefur verið frá, er brigiðakrafa gerðarbeiðanda byggð á loforði gerðarpóla um að afhenda meiri hluta hlutabréfa í Laugakaffi hf., færi svo að tvær afborganir af skuldabréfi, sem gefið var út í tilefni af sex milljón króna láni gerðarbeiðanda til gerðarpóla, gjaldféllu án greiðslu, en staðhæft er af hálfu gerðarbeiðanda án andmæla gerðarpóla að hlutabréf félagsins séu fjögur að tölu, hvert 100.000 krónur að nafnvirði.

Kröfum gerðarbeiðanda hefur verið andmælt af hálfu gerðarpóla á þeim forsendum að réttur gerðarbeiðanda sé reistur á löggæringi sem sé ógildur og óframkvæmanlegur. Á þau andmæli gerðarpóla er ekki fallist þar sem telja verður að loforði gerðarpóla frá 2. september 1991 um að afhenda meiri hluta hlutabréfa í Laugakaffi hf., eins og þar segir, verði ekki vikið til hliðar sem ógildu frá upphafi. Og þar sem loforðinu hefur ekki verið hnekkkt með löglegum hætti verður að byggja á því. Í annan stað hefur af hálfu gerðarpóla ekki fortakslaust verið neitað að umrædd hlutabréf í Laugakaffi hf. kunni ekki að vera í vörslum gerðarpóla Sigurðar Ólasonar eða í vörslum gerðarpóla Laugakaffis hf., þó að félagið eigi þau ekki. Þykir því mega viðurkenna rétt gerðarbeiðanda til að taka úr vörslum gerðarpóla umkrafin hlutabréf, eins og þeim er lýst í aðfararbeiðninni, jafnframt því að þau verði árituð um framsal „þannig að Gosan hf. fái fullan rétt til þess að yfirtaka rekstur veitingastaðarins“ eins og segir á dskj. nr. 2 og rakið hefur verið hér að framan fullum stöfum.

Krafa gerðarpóla um, að málskot úrskurðar þessa til æðra dóms fresti aðfarargerð, er ekki tekin til greina, þar eð hér er einungis um fjárhagslega hagsmuni að ræða, en greiðslugeta gerðarbeiðanda hefur ekki verið dregin í efa.

Gerðarpólar greiði in solidum gerðarbeiðanda 40.000 krónur í máls-

kostnað, en telja verður, að krafan um málskostnað hafi verið gerð, jafn-skjótt og tilefni gafst til þess.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkenndur er réttur gerðarbeiðanda, Kemikalíu hf., til að þrjú hlutabréf í Laugakaffi hf., hvert að nafnvirði 100.000 krónur, verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþola Sigurðar Óla-sonar og gerðarþola Laugakaffis hf., framseld gerðarbeiðanda og fengin Garðari Briem héraðsdómslögmanni fyrir hönd gerðarbeið-anda.

Gerðarþolar greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan gerðar-beiðanda 40.000 krónur í málskostnað.
